



MYND2TM05

Kennsluáætlun – haustönn 2018

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustaragnars@fsu.is - viðtalstími á fimmtudögum kl. 10:25-11:20.

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður farið í gegnum og skoðað eðli myndskreytinga og þýðingu þeirra fyrir annars samfelldan texta. Rýnt verður í skopteikningar dagblaða og tímarita og þau miklu áhrif sem þess háttar miðlun getur haft. Kennarar verða nokkrar aðferðir þar sem hugað er að litameðferð, formum og römmum. Farið verður í grunnatriði þess að ná fram ýkjum í andlistdráttum og líkamsbyggingu fólks til þess að draga fram persónueinkenni. Farið verður í uppbyggingu hinnar klassísku myndasögu, mikilvægi myndbyggingu hvers ramma sem og myndbyggingu hvernar síðu og að innihald komst til skila ekki síst í gegnum myndmálið. Einnig verða skoðaðar styttri strípur sbr. í dagblöðum. Lögð verður áhersla á að nemendur finni sinn stíl.

Verkefnin munu felast í því að myndskreyta styttri og lengri texta, teikna skopmynd af sjálfum sér, vinna skopteikningar sem endurspeglan samtímann (rauntíma) hvort heldur á Íslandi eða annars staðar í heiminum, vinna litlar strípur með “punchline” og loks lengri myndasögu út frá þjóðsögum og goðafræði.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hlutverki og áhrifum myndskreytinga með samfelldum texta.
- hvernig stíll og myndbygging geta byggt upp tilfinningu fyrir textanum.
- mikilvægi þess að finna rétta vinkelinn úr textanum til myndskreytingar.
- mikilvægi myndskreyta í upplýsingaheimi nútímans.
- ábyrgð myndskreyta á hverjum tíma
- hvað þarf að vera í myndasögu til þess að hún komist til skila án margara orða og jafnvel orðalaust.
- mikilvægi flæðis í myndasögunni.
- mikilvægi góðrar uppsetningar á myndasögu þar sem hver rammi skiptir máli í heildarmyndbyggingu síðunnar.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að greina meginatriði textans sem skal myndskreyta.
- vekja áhuga á textanum með mynd.
- draga fram sérkenni raunverulegra persóna.
- að sjá þjóðfélagsmál á myndrænan máta.
- að gera einfalda og samfélagsmiðaða skopteikningu.
- að setja upp einfalda teiknimyndasögu með eða án texta.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- myndskreyta á lýsandi máta einfaldan texta með eigin persónulega stíl.
- gera skopteikningu út frá málefnum líðandi stundar.
- setja upp einfalda teiknimyndasögu í eigin stíl með góðu flæði og góðri myndbyggingu.

Kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glæsur, bækur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín og halda þar vel utan um allt.
- Nemendur skulu skila ljósmynd af hverju verkefni að því loknu inn á INNU.
- Um er að ræða próflausan símats og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun

1. Mappa, gildir **5%** (23.-27. ágúst)
2. Ýmsar aðferðir, gildir **10%** (28. ágúst - 6. sept.)
3. Myndskreyting við örttexta, gildir **8%** (7.-14. sept.)
4. Myndskreyting við lengri texta, gildir **12%** (17.-27. sept.)
5. Sjálfskopmynd, gildir **5%** (28.-2. okt.)
6. Samfélagslegar skopmyndir, gildir **10%** (4.-12. okt.)
7. Strípur, gildir **15%** (15. okt. - 1. nóv.)
8. Stóra myndasagan, lokaverkefni, gildir **35%** (2. nóv. - 7. des.)

Nánar um þetta aftar í skjalinu.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Annað

- Tölvur og símar leyfir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.

VERKEFNI ANNNARINNAR - NÁNAR

Verkefni 1: Mappa gildir 5% (23.-27. ágúst)

Búin til mappa úr kartoni í A2 stærð, (lokuð með límbandi á tvo vegu). Þessi mappa mun hýsa öll verkefni annarinnar.

- Örmyndskreyting, sem er lýsandi fyrir nemandann, gerð í horni möppunnar.
- Textinn sem þarf að vera á möppunni samhangandi við myndskreytinguna: Nafn nemanda, nafn áfanga og önn (MYND2TM05, haust 2018 eða H18).
- Texti og mynd vinni saman.
- Gott að skissa í byrjun.

Verkefni 2: Ýmsar aðferðir gildir 10% (28. ágúst - 6. sept.)

Kynntar og kenndar nokkrar aðferðir í myndskreytingum. Farið í notkun ólíkra litategunda, forma og ramma. Sjónarhorn og andrúmsloft í myndskreytingum skoðað sem og samspil mynda og texta.

Nemendur vinna verkefni þar sem sama örmyndskreytingin er unnin hið minnsta þrisvar sinnum með mismunandi efni.

- Hvaða aðferð?
- Hvernig nálgun?
- Myndbygging.
- Persónulegur stíll.
- Gerðar litlar skissur í hugmyndavinnu áður en endanleg mynd er ákveðin.

Verkefni 3: Myndskreyting við örtexta gildir 7% (7.-14. sept.)

Gerð myndskreyting (ein mynd) við stökuna *Fljúga hvítu fiðrildin* í stærð A5 (sjá fylgiskjal). Velja aðferð sem gafst vel í verkefni 2 og gefur mögulega til kynna byrjunina á persónulegum stíl.

- Hugað að öllum þeim atriðum sem kennd og æfð voru í verkefni 2.
- Textinn er lítill og flestum kunnur og því þarf ekki að rýna að svo mjög heldur leggja áherslu á sjónarhorn, stemmingu og persónulegan stíl.
- Hugmyndavinna og skissur áður en farið er í endanlega mynd.

Verkefni 4: Myndskreyting við lengri texta gildir 13% (17.-27. sept)

Gerð vönduð myndskreyting (1-2 myndir) við gefinn texta og gefið rými (sjá fylgiskjöl). Persónulegur stíll fari nú virkilega að koma í ljós.

- Hugað að öllum þeim atriðum sem kennd og æfð voru í verkefni 2 og 3.
- Huga vel að samspili myndar og texta.
- Textinn inniheldur nokkrar málsgreinar svo nú er það nemandans að greina textann og hvað honum finnst vera það sem mundi passa best í myndskreytingu og styður við textann.
- Hugmyndavinna og skissur áður en farið er í endanlega mynd og hreinteikningu.

Verkefni 5: Sjálfskopmynd gildir 5% (28. sept. - 2. okt.)

Gerð 1 mynd í A4 stærð.

Farið vel í helstu þætti skopmyndagerðar og nemendur æfa þessa þætti út frá eigin andliti!

- Ígrunda vel sitt eigið andlitsfall, hvað má ýkja, hverju má draga úr.
- Skissa í fyrstu og vinna út frá skissunum eina lokamynd.
- Um að gera að hafa í huga fjölbreyttar aðferðir úr fyrri verkefnum.
- Nota má ljósaborð í þróuninni.

Sýnishorn frá nemendum:

https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1255099727909649

https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=933034706782821

Verkefni 6: Skopmyndir gildir 10% (4. - 12. okt)

Hið minnsta tveir brandarar/grín/ádeila - hvor í stærðinni 21 x 21 cm. Skopmyndir sem þessar eru daglegt brauð á netinu og í fjölmiðlum um allan heim og koma sterkar inn í samfélagsrýni.

- Nemendur finna sjálfir efnivið í nútímanum og/eða samfélaginu til þess að skopstæla.
- Aðeins ein mynd + texti (ef vill) sem segir ALLA söguna.
- Mikilvægt að “brainstorma” í upphafi til að finna hugmyndir og skoða miðla. Einnig að nýta eigin minningar og hversdagslega lífsreynslu.
- Hugmynda- og skissuvinna mikilvæg og muna persónulegan stíl.

Sýnishorn frá nemendum:

https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1302183099867978

Halldór Baldursson teiknari:

<http://www.visir.is/p/halldor>

Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir teiknari:

<https://www.facebook.com/loaboratorium/>

https://www.google.is/search?q=l%C3%B3aborator%C3%ADum&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=0ahUKEwj699_k89_bAhWRiqYKHfSsCwoQ_AUICigB&biw=1770&bih=979

Hugleikur Dagsson teiknari:

<https://www.facebook.com/hooligandachshund/>

https://www.google.is/search?q=hugleikur+dagsson&source=lnms&tbm=isch&sa=X&ved=0ahUKEWjtrszV89_bAhXJXiwKHdG4BFEQ_AUICigB&biw=1770&bih=979

Verkefni 7: Strípur gildir 15% (15. okt. - 1. nóv.)

Hver nemandi vinnur tvær strípur í formati sem kennari mun gefa upp.

- Nemendur geta unnið með samfélagslegan efnivið, eigin hversdagslegu lífsreynslu og minningar eða tilbúna brandara (ekki verra að þeir séu sjálfsprottnir).
- Hvor strípa þarf að hinnihalda hið minnsta tvo ramma en að hámarki fjóra.
- Huga þarf vel að “punchline”.
- Mikilvægt að “brainstorma” í upphafi til að finna hugmyndir.
- Hugmynda- og skissuvinna mikilvæg.

Sýnishorn frá nemendum:

https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1302183099867978

Verkefni 8: Teiknimyndasaga, lokaverkefnið - gildir 35% (2. nóv. - 7. des.)

Myndasaga unnin út frá íslenskum þjóðsögum eða norrænni goðafræði. Sagan (allir ramar) endanlega sett upp á karton í A2 stærð. Sagan skal vera hið minnsta 20 ramar. Muna nú sem endranær að sníða sér stakk eftir vexti hvað varðar tímaáætlun og skil.

- Nemandi velur sér sögu, brýtur hana niður, ákveður myndræna framvindu þannig að sagan komist til skila með lágmarks texta = býr til handrit.
- Gæta vel að myndbyggingu, bæði innan hvers ramma sem og allrar síðunnar.
- Huga vel að aðferðum, noktun lita, forma og ramma.
- Gæta vel að sjónarhorni og andrúmslofti.
- Vera trúr sínum persónulega stíl.
- Skissuvinna mikilvæg, bæði rammi fyrir ramma sem og endanleg uppsetning allra ramma saman.
- Sem sagt, samþætta alla hluta áfangans í þessu verkefni!

Sýnishorn frá nemendum:

https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=991522474267377

https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=991521380934153